



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Myndsendir 480 8201 – Netfang hs@sudurland.is – Kennitala 480284-0549

Alþingi
Erindi nr. P 143/846
komudagur 14.1.2014

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Selfossi, 8. janúar 2014
1401008HS SHJ

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs með síðari breytingum

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur mótttekið tölvupóst frá nefndarsviði Alþingis, dags. 9. desember 2013, þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum (innleiðing tilskipunar 2008/98/EB, rafhlöður og rafgeymar, raf- og rafeindataeki, drykkjarvöruumbúðir).

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir frumvarpið og gerir eftirfarandi athugasemdir við einstaka greinar:

2. gr. um breytingu á 2. gr. núgildandi laga (gildissvið)

Í b lið 2. gr. tilskipunar 2008/98/EB segir „land (in situ) including unexcavated contaminated soil and buildings permanently connected with land“, sem þýtt er sem „landsvæða (á upphaflegum stað), þ.m.t. úppgrafsins, mengaðs jarðvegs og bygginga sem eru varanlegar á landsvæðinu. **Nær ofangreind þýðing ekki að koma merkingu greinarinnar til skila og því ekki nógu skýrt við hvað er átt.**

4. gr. um breytingu á 4. gr. laganna.


Hér þarf að setja heimild til handa Umhverfisstofnun um framsal eftirlits með starfsleyfisskyldum atvinnurekstri til heilbrigðisnefnda sveitarfélaga.

5. gr. (staflíðir a, b, g, h, i), 7. gr., 9. gr., 10. gr. (staflíður a), 16. gr., 30. gr. (staflíðir j, k, l, m, n)

Það er bæði skilmerkilegra og einfaldara að fjalla um allar reglugerðarheimildir ráðherra í einni sérstakri grein um reglugerðarheimildir í staðinn fyrir að telja þær upp undir hverri grein fyrir sig.

15., 16. og 17. gr.

Það þarf að einfalda og skýra hlutverk annarsvegar Úrvinnslusjóðs og hinsvegar Umhverfisstofnunar hvað varðar söfnun og skráningu upplýsinga um framleiðendur og innflytjendur rafhlaðna og rafgeyma sem og magn og afdrif rafhlaðna og rafgeyma sem er framleitt og flutt inn til að koma í veg fyrir óþarfa tvíverknað.



30. gr.
a) Í 5 mgr. staflíðar a. (54. gr. - Ábyrgð framleiðanda og innflytjanda drykkjarvara á drykkjarvöruumbúðum) kemur fram að **framleiðanda og innflytjanda drykkjarvöru sé skylt að merkja drykkjarvöru í drykkjarvöruumbúðum með þeim hætti sem ráðherra ákveður** (sjá einnig staflíð g væntanlegrar 63. gr).

Ekki er ljóst við hverskonar merkingar er átt, en um merkingar matvæla sem dreift er til neytenda gilda lög nr. 93/1995 um matvæli og reglugerð nr. 503/2003 um merkingu matvæla. Falla drykkjarvörur þar undir, sbr. 2. gr. ofangreindra laga, en matvæli eru skilgreind sem:

„...hvers konar efni eða vörur, hvort sem þau eru fullunnin, unnin að hluta eða óunnin, sem fólki er ætlað að neyta eða sem eðlilegt er að vænta að fólk neyti. Hugtakið „matvæli“ tekur einnig til drykkja, tyggigúmmís og hvers kyns efna, þ.m.t. neysluvatns, sem bætt er af ásettu ráði í matvæli við framleiðslu þeirra, vinnslu eða meðferð, svo og fæðubótarefna.“

Skv. 15. gr. ofangreindra laga skulu matvælaumbúðir merktar með nafni og heimilisfangi framleiðanda matvælanna eða dreifanda þeirra. Þá skal heiti vörunnar koma fram ásamt upplýsingum um innihald, geymsluskilyrði, geymsluþol og nettóþyngd eða lagarmál.

Skýra þarf betur við hverskonar merkingar drykkjarvöru í drykkjarvöruumbúðum er átt.

b) Í 1. mgr. staflíðar g. (60. gr.) segir að **Umhverfisstofnun hafi eftirlit með framleiðendum og innflytjendum drykkjarvöru** og starfsemi skilakerfa fyrir drykkjarvöruumbúðir.

Skv. 6. og 22. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli fara **Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna með eftirlit með framleiðendum og innflytjendum matvæla, þ.m.t. framleiðendum og innflytjendum drykkjarvara**, en 4. gr. sömu laga segir að matvælafyrirtæki sé:

...fyrirtæki eða einstaklingur sem rekur starfsemi í tengslum við framleiðslu, vinnslu eða dreifingu matvæla á einhverju stigi, hvort sem það starfar í ágóðaskyni eður ei, og hvort sem það er einkarekið eða opinbert fyrirtæki.

Ef taka skal mið af ofangreindu, og með hliðsjón af tilgangi laga um meðferð úrgangs og tilgreindu eftirlitshlutverki Umhverfisstofnunar með framleiðendum og innflytjendum drykkjarvöru, má ljóst vera að **Umhverfisstofnun á einungis að hafa eftirlit með starfsemi skilakerfa fyrir drykkjarvöruumbúðir**, en ekki með framleiðendum og innflytjendum drykkjarvöru sem slíkum.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands leggur því til að orðin „með framleiðendum og innflytjendum drykkjarvöru og“ verði felld úr texta greinarinnar.



Skv. staflið j (63. gr. - Reglugerðir um drykkjarvöruumbúðir) er ráðherra heimilt, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, sem skal leita umsagnar hjá starfandi skilakerfum um drykkjarvöruumbúðir, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi haghöfum, að setja reglugerð um m.a. „gerð og efnisval drykkjarvöruumbúða“.

Lög nr. 93/1995 um matvæli gilda um allar umbúðir sem umlykja eða hafa að geyma matvæli eða efni sem notuð eru við framleiðslu matvæla. Skv. 14. gr. þeirra er þeim sem *framleiða eða flytja inn umbúðir fyrir matvæli*, eða fyrir vörur sem notaðar eru við framleiðslu matvæla, skylt að gæta þess að umbúðir geti ekki spillt þeirri vöru sem þær eru ætlaðar fyrir, þannig að hún verði hættuleg eða varasöm heilsu manna, gæði hennar rýrni eða varan teljist óneysluhæf. Jafnframt skal tryggja rekjanleika umbúða og annarra efna og hluta sem ætlað er að snerta matvæli á öllum stigum og er ráðherra heimilt með reglugerð að setja nánari ákvæði um skyldu framleiðenda og dreifingaraðila til að hafa kerfi og verklagsreglur sem tryggi rekjanleika umbúða og annarra efna og hluta sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli til að auðvelda eftirlit, innköllun gallaðra vara, miðlun upplýsinga til neytenda og til að ákvarða ábyrgð á hinni gölluðu vöru.

Í ljósi ofangreinds gerir Heilbrigðiseftirlit Suðurlands athugasemdir við þá ráðstöfun að binda í reglugerð ákvæði um leyfilega gerð og efnisval drykkjarvöruumbúða, enda gilda nú þegar um það mjög ítarlegar reglur, t.a.m. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 frá 27. október 2004 um efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli og niðurfellingu á tilskipunum 80/590/EBE og 89/109/EBE.

35. gr. um breytingu á 48. gr. laganna sem verður 76. gr.

Í nýrri málsgrein sem bætist við núverandi 48. gr. laganna um þvingunarráðgjafi kemur fram að *Umhverfisstofnun sé heimilt að takmarka markaðssetningu drykkjarvara í drykkjarvöruumbúðum sem falla undir lögin ef framleiðandi eða innflytjandi þeirra er ekki aðili að skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir. Umhverfisstofnun er jafnframt heimilt að taka úr sölu eða dreifingu drykkjarvöru í drykkjarvöruumbúðum þar til framleiðandi eða innflytjandi þeirra hefur gerst aðili að skilakerfi.*

Skv. 20. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli er framleiðsla og dreifing matvæla, þ.m.t. drykkjarvara, háð starfsleyfi og opinberu eftirliti heilbrigðisnefndar og/eða eftir atvikum Matvælastofnunar.

Í 1. mgr. 48. gr. (verðandi 76. gr.) segir að *Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefnd þar sem hún fer með eftirlit, sé heimilt að beita úrræðum samkvæmt grein þessari.* Þar sem Umhverfisstofnun hefur ekki með höndum opinbert eftirlit með framleiðendum og innflytjendum drykkjarvöru, er eðlilegt að takmörkun markaðssetningar og/eða innköllun vöru af markaði fari fram í samvinnu við hlutaðeigandi lögbært yfirvald, þ.e. heilbrigðisnefndir sveitarfélaga og eftir atvikum Matvælastofnun.

Þá er álitamál hvort þörf er fyrir heimild Umhverfisstofnunar til að taka úr sölu eða dreifingu drykkjarvöru í drykkjarvöruumbúðum þar sem skv. 30 gr. staflið c. (verðandi 56. gr.) er óheimilt að tollafgreiða drykkjarvöru í drykkjarvöruumbúðum sem falla




undir lögin nema innflytjandi sýni fram á að hann sé aðili að skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir. Drykkjarvörur í drykkjarvöruumbúðum ættu því ekki að komast á markað nema viðkomandi innflytjandi sé aðili að skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands leggur til að orðunum „*í samvinnu við hlutaðeigandi lögbært yfirvald*“ verði felld inn í textann þannig að málsgreinin hljóði svo:

Umhverfisstofnun er heimilt [í samvinnu við hlutaðeigandi lögbært yfirvald] að takmarka markaðssetningu drykkjarvara í drykkjarvöruumbúðum sem falla undir lög þessi ef framleiðandi eða innflytjandi þeirra er ekki aðili að skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir. Umhverfisstofnun er jafnframt heimilt [í samvinnu við hlutaðeigandi lögbært yfirvald] að taka úr sölu eða dreifingu drykkjarvöru í drykkjarvöruumbúðum þar til framleiðandi eða innflytjandi þeirra hefur gerst aðili að skilakerfi.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,


Stella Hrönn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi